

21  
10. febr.

		G. Ýmislegt.		í peningum.		Hundrað á		Alin.
		kr.	aur.	kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
38.	1 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum, . . . . .	15	96	95	76	80		
39.	— 40 — — óhreinsuðum . . . . .	»	»	»	»	»		
40.	— 120 — — fuglafióri . . . . . 10 pund -	6	95	83	40	70		
41.	— 480 — — fjallagrösum . . . . .	1	34	64	32	54		
42.	5 álnir 1 dagsverk um heyannir . . . . .	2	27	54	48	45		
43.	5 — 1 lambsfóður . . . . .	5	46	131	4	109		

Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrtöldum landaurum verður:

<i>Eptir A. eða í fríðu</i> . . . . .	110	38	92
— <i>B. — ullu, snjóri og tólg</i> . . . . .	68	70	57
— <i>C. — ullar tövöru</i> . . . . .	74	72	62
— <i>D. — fiski</i> . . . . .	70	69	59
— <i>E. — lýsi</i> . . . . .	39	45	33
— <i>F. — skinnavöru</i> . . . . .	64	62	54

En meðalverð allra landaura samantalið og skipt með 6, sýnir:

meðalverð allra meðalverðá 71 42 60

Reykjavík, 10. dag febrúarmán. 1885.

Magnús Stephensen P. Pjetursson.  
settur.

22  
20. febr.

Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans í Reykjavík um samþykki til kaupa á jörðunum Laugarnesi og Kleppi handa Reykjavíkur kaupstað og til lántöku í því skyni. — Í tilefni af þóknanlegu brjefi yðar, herra bæjarfógeti, dags. 19. desembr. f. á., veiti jeg hjer með samkvæmt 19. gr. tilskipunar um bæjarstjórn í Reykjavík, 20. apríl 1872, samþykki mitt til þess, að Reykjavíkur kaupstaður kaupi Laugarness- og Klepps-eignina í Seltjarnarnesshreppi fyrir 10,200 kr., er borgist af kaupstaðnum á þann hátt til eigendanna, að bæjarstjórn Reykjavíkur útgefi fyrir þeirri upphæð, er lúka á til þeirra, handhafa-veðbrjef uppá 100 kr. hvert, sem sjeu óuppsęganleg af hálfu eigenda þeirra og ávaxtist með 4% í ársvöxtu.

Sömmuleiðis veiti jeg samþykki mitt til þess að kaupstaðurinn taki að sjer lán það til landssjóðs, að upphæð 3200 kr., sem hvílir á hinni keyptu eign, þannig að bæjarstjórnin gefi út fyrir þessu láni nýtt skuldabryef, er leggi vaxtagreiðslu af láninu á kaupstaðinn Reykjavík frá 11. desbr. f. á. og að öðru leyti með sömu ákvörðunum og hið eldra skuldabryef fyrir láninu, þarámeðal þeirri, að lánið sje uppsęganlegt með hálfis árs fyrirvara.

## LAUSN FRÁ EMBÆTTI.

27. febrúar veitti landshöfðingi prestí að Miklabæ í Blönduhlíð, sjera Jakob Benediktssyni lausn frá embætti frá næstkomandi fardögum með eptirlaunum, sem síðar verða ákveðin.

## ÓVEITT PRESTAKALL.

Miklibær í Blönduhlíð í Skagafjarðarprófestsdæmi (Miklabæjar Silfrastaða og Flugumýrarsóknir). Metið kr. 1077,99 Auglýst 28. febr. 1885.

## LEIÐRJETTING.

I verðlagsskránni fyrir Borgarfjarðarsýslu á bls. 17 hjer að framan hefur misprentast í samlagningu á meðalverði landauranna 450 (kr.) í staðinn fyrir 430.